

Ed.

520. Nefndarátt

um frv. til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er samdóma hv. Nd. um, að rjett sje nú þegar að setja slik lög sem hjer um ræðir, og getur einnig samþykkt alt aðalefni laganna. Þó virðist henni rjettara, að uppsagnarfrestur á umráðarjetti yfir fasteign, sem hafa má ieyfislaust, sje hafður 1 ár, i stað hálfis árs, sjerstaklega að því er húseignir snertir, og sömuleiðis ætti að nægja, að ráðherra hafi vald til að þiggja námurjettindi undan lögum þessum, er svo þykir henta.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svo feldum

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr.
 - a. Síðari málsliður 6. málsg. orðist svo:

Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða rjettinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.
 - b. Í stað orðanna í síðustu málsg. »eru undanþegin« komi:

getur ráðherra undanþegið.
2. Við 4. gr.
 - a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Nú hefir ráðherra borist skýrsla samkv. 3. gr., eða hann hefir á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlast rjettindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest o. s. frv.
 - b. Í stað orðanna »Frestinn skal setja« í síðari málsg. komi:

Frestinn skal telja.
3. Við 7. gr.

Í stað orðanna »með sjerstöku leyfi — — — og fer« komi:
með sjerstöku leyfi, og skal skiftaráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer
4. Við 8. gr.

Upphaf greinarinnar orðist svo:
Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti rjettindi yfir fasteign, án þess að fá leyfi samkv. 1. gr., missir o. s. frv.
5. Við 10. gr.

Upphaf greinarinnar orðist svo:
Nú hefir maður eignast rjettindi yfir fasteign, þau er um getur í 1. gr., áður en lög þessi öðlast gildi, sem eigi fullnægir skilyrðum þeirrar greinar, og skal honum þá settur 5 ára frestur o. s. frv.

Alþingi, 27. ágúst 1919.

Guðjón Guðlaugsson,
formaður.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskrifari.

Magnús Torfason,
ritari.